

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 95/97
frá 9. desember 1997**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 16/97 frá 26. mars 1997⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 69/493/EBE frá 15. desember 1969 um samræmingu laga
aðildarríkjanna varðandi kristallsgler⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 3f (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr.
3052/95/EBE) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

„3g. **369 L 0493:** Tilskipun ráðsins 69/493/EBE frá 15. desember 1969 um
samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi kristallsgler (Stjttíð. EB nr. L 326, 29.
12. 1969, bls. 36).”.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 69/493/EBE á íslensku og norsku fylgir sem viðauki
við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 182, 10. 7. 1997, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 29, 10. 7. 1997, bls. 70.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 326, 29. 12. 1969, bls. 36.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. desember 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 9. desember 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner